



Innviðaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Múlaþing, 29. mars 2023  
númer erindis 202303086-00.3.0

Á fundi byggðaráðs Múlaþings 28. mars 2022, var tekið fyrir neðangreint erindi.

### **Samráðsgátt. Gagngerar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga kynntar í samráðsgátt**

Fyrir liggja í samráðsgátt stjórnvalda til kynningar gagngerar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er miða að því að bæta gæði jöfnunar og einfalda útreikninga og skipulag sjóðsins auk þess að umgjörð sjóðsins endurspegli og fylgi þróun sveitarfélagagerðarinnar.

Eftirfarandi tillaga að bókun lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings fagnar því að unnið sé að bætingu gæða jöfnunar, einföldun útreikninga og skipulags sem og að Jöfnunarsjóðnum skuli ætlað að fylgja þróun sveitarfélagagerðarinnar. Byggðaráð Múlaþings styður þær áherslur er fram koma í drögum að skýrslu starfshóps um endurskoðun á regluverki um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Sveitarstjóra falið að koma bókun byggðaráðs á framfæri í samráðsgátt stjórnvalda.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

Ofangreind afgreiðsla byggðarráðs Múlaþings tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
fyrir hönd byggðaráðs Múlaþings

---

Óðinn Gunnar Óðinsson  
skrifstofustjóri